

Starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpstöðvar Fjarðabyggðar í Þernunesi

kt. 470698-2099

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sorpstöð Fjarðabyggðar, kt. 470698-2099, vegna urðunar á úrgangi í Þernunesi. Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Sorpstöð Fjarðabyggðar er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir rekstraraðila, enda hafi sá aðili tilskilin leyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 4000 tonnum af úrgangi á ári, á tveimur urðunarsvæðum; Mýrdal annars vegar, þar sem heimilt er að urða almennan úrgang, og Auratúni hins vegar, þar sem urðaður er flokkaður úrgangur.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang, hjólbarða, brotajárn eða spilliefni á urðunarsvæðunum.

Þær tegundir úrgangs sem má urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

- a) Úrgangur sem flokkaður er sem hættulítill og fellur í 1., 2., 3., 8., 10., 11., 12., 15., 17, 19. og 20. flokk I. viðauka reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- b) Sams konar almennur úrgangur og í a-lið, en af öðrum uppruna.
- c) Óvirkur úrgangur, sbr. lista í II. viðauka með reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.
- d) Annar óvirkur úrgangur, sem uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang, sbr. II. viðauka með reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal í samvinnu við sveitarstjórn upplýsa almenning um möguleika á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Í samræmi við stefnu stjórnvalda og gildandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs skal markvisst unnið að nýtingu úrgangs, t.d. með endurnotkun eða endurnýtingu, þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu. Undir þetta fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar, pappír og pappi, garðaúrgangur, úrgangur frá fiskvinnslu, húsdýraskítur, hey, hálmur og gras, timbur, sláturúrgangur, umbúðaúrgangur, landbúnaðarplast, hjólbarðar og brotamálmur.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar, heilbrigðisnefndar og annarra hlutaðeigandi, eigi síðar en **6 mánuðum frá útgáfu starfsleyfisins**. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun reksturs og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka meggi út frágang strax að verki loknu.

Unnið skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs sbr. gr. 4.10, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri urðunarstaðarins.

1.6. Gangsetning

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi samkvæmt starfsleyfi þessu lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og annarra laga og reglugerða eftir því sem við á, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Ákvæði greina 2.5 og 2.6 skulu uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en **1. mars 2009**.

1.8. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, ef breytingar verða rekstri eða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin

skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar. Sýna skal fram á að starfsemi uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 738/2003, fyrir 1. maí 2009.

1.9. Annað

Eintak af starfsleyfi þessu og uppdráttur af urðunarsvæðinu skulu jafnan vera tiltæk hjá umsjónarmanni staðarins.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal magn og eiginleika úrgangs, sem tekið er á móti á urðunarstaðnum í samræmi við reglugerð nr. 184/2002. Skrá skal uppruna, dagsetningu móttöku og framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang. Sjónrænt mat skal fara fram við móttöku úrgangs sem fyrirhugað er að urða á svæðinu, og krefja má úrgangshafa um frekari gögn til að sannprófa að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang, sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfu þessu. Gefa skal út kvittun fyrir móttöku úrgangs. Úrgangur sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila skal tilkynnt um slíkt tafarlaust.

2.2. Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum, sbr. II. viðauka með reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku.

2.3. Bann við brennslu úrgangs

Brennsla úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

2.4. Daglegur frágangur á urðunarstað

Daglega skal þekja allan úrgang sem getur fokið, valdið ónæði eða hættu með þekju sem hindrar jafnframt aðgang meindýra og ólykt. Sand úr sandföngum má nýta til þekju á urðunarstöðum í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.

2.5. Endanlegur frágangur urðunarreinar

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst eins metra þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af urðunarreinunum en sigi ekki ofan í úrganginn.

2.6. Um yfirborðsvatn og grunnvatn

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn og -gryfjur skulu þannig staðsettar og hannaðar að yfirborðsvatni sé beint frá urðunarstaðnum og gryfjum og jarðvatn komist ekki í urðunarsvæðið.

2.7. Sigvatn

Þar sem sigvatn safnast undan urðunarstað skal það leitt um hriplag í olíu/fitugildru, setþró og malar-eða mósíu eða siturlögn eða annan jafngildan búnað. Mæla skal magn sigvatns mánaðarlega og samsetningu ársfjórðungslega. Eftir grunnrannsókn á sigvatni þar sem styrkur allra efna í töflunni er mældur skal mæla reglulega þau efni sem eru yfir mælingamörkum. Einnig skal ávallt mæla sýrustig, leiðni, COD, ammoníak, níturat og fosfór og olíu/fitu.

Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálta eftirlit gefi jafn góða raun er heimilt að breyta tilhöguninni. Að því er sigvatnið varðar skal í öllum tilvikum mæla leiðni þess einu sinni á ári hið minnsta.

Losunarmörk fyrir sigvatn:

	Mælingamörk	Losunarmörk
Efnisþáttur	mg/l	mg/l
As	0,06	0,3
Ba	4	20
Cd	0,02	0,3
Cr alls	0,1	2,5
Cu	0,6	30
Hg	0,002	0,03
Mo	0,2	3,5
Ni	0,12	3
Pb	0,15	3
Sb	0,1	0,15
Se	0,04	0,2
Zn	1,2	15
Klóríð	460	
Flúoríð	2,5	
Súlfat	1 500	
Fenóltala	0,3	
DOC	160	250
Olía	sýnileg	15

2.8. Gassöfnun

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremstu megni leitast við að nýta gasið en brenna það ellegar. Söfnun og vinnsla á hauggasi telst endurnýting. Meta skal mánaðarlega mögulega losun lofttegunda (CH₄, CO₂, O₂, H₂S, H₂ sbr. ákvæði reglugerðar 738/2003), þar sem gas myndast eða lífrænn úrgangur er urðaður.

2.9. Jarðgerð lífræns úrgangs

Lífrænn úrgangur, sem er jarðgerður til nýtingar á urðunarstaðnum, skal hakkaður eða tættur og blandaður með stoðefni með reglulegum hætti, þannig að full loftun náist í úrganginn. Úrgangur sem hætta er á að fjúki, meindýr sæki í eða valdi ólykt skal þakinn með moltu eða stoðefni eftir að múgar er lagðir út. Ef vart verður við ólykt frá jarðgerðinni skal lofta efnin betur og blanda meiri stoðefnum í úrganginn eða á annan hátt draga úr ólyktinni.

2.10. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá urðunarstaðnum og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð um hávaða.

3. *INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS*

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

1. Magn og gerð úrgangs sem tekið er á móti og ráðstöfun hans.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
3. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
4. Mæling á magni og samsetningu hauggas.
5. Mælingar á magni og samsetningu yfirborðsvatns, sigvatns og ef við á grunnvatns.
6. Úrkomumagn á staðnum.
7. Daglegt hitastig, lágmark, hámark, kl. 12 á hádegi.
8. Dagleg stefna og styrkur vindátta.
9. Loftraki daglega kl. 12 á hádegi.
10. Uppgufun.

Þar sem upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð að Kollaleiru má styðjast við þær. Úrkomumæli verði komið upp við Þernunes 1. júlí 2009.

3.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga í frárennsli og sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu og mælingarholum á fyrsta starfsári starfsleyfis. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Gæði yfirborðsvatns og eftir því sem við á grunnvatns skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í viðauka með reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn

mengun vatns. Auk þeirra þátta skal mæla næringarefni, hitastig, leiðni og sýrustig grunnvatns.

3.3. Skýrslur til eftirlitsaðila

Fyrirtækið skal senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 3.1 og 3.2 fyrir 1. mars ár hvert.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þar með taldir starfshættir, efnisnotkun og meðferð sigvatns. Rekstraraðili skal setja verklag vegna móttöku á úrgang sem inniheldur, eða kann að innihalda, asbest og vinna samkvæmt því. Óheimilt er að urða úrgang sem inniheldur asbest með lífrænum úrgangi, sbr. gr. 2.3.3. viðauka 2 með reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

4.2. Verkstjórn

Á hverri vinnuvakt á athafnasvæðum rekstraraðila skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum urðunarstaðarins. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi, viðkomandi reglugerðum og lögum, svo og lögum og reglugerðum um hollustuhætti, heilbrigðisefirlit og mengunarvarnir skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma ef þörf krefur.

4.3. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4. Umhverfi

Halda skal athafnasvæðinu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, svæðið afgirt og skulu hlið vera lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu, förgun eða aðra meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

4.5. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.6. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Tilkynna skal Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun.

4.7. Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. gr. 4.8 í starfsleyfi þessu og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Gjald sem innheimt er, skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, svo sem þróunar nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál.

4.8. Starfsleyfistryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins.

4.9. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, vegna bráðamengunartjóns sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4.10. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun.

4.11. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, endurskoðun mæliáætlana, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

4.12. Eftirlit og fleira

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði gr. 7.4 og 9.1 í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, og ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

Neyðaráætlun skal send Umhverfisstofnun fyrir 1. september 2008.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. júlí 2018.

7. ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Ákvæði greina 2.6, 2.7, 2.8, 4.1, 4.3, 4.7, 4.8 og 4. tl. gr. 3.1 skal vera búið að uppfylla eigi síðar en 16. júlí 2009.

Reykjavík 27. febrúar 2008

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir

Gunnlaug Einarsdóttir